

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Rangárþingi ytra.

#### Móholt og Hrafnáping, deiliskipulag.

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti 8. maí 2024, tillögu að deiliskipulagi fyrir Móholt og Hrafnáping. Markmið deiliskipulagsins er að skilgreina tvær lóðir á landi Hrafnáþings, L233392 og skilgreina á þeim byggingarreiti fyrir vélageymslur og gripahús og skilgreina byggingarreit á lóðinni Móholt 1, L205150, fyrir íbúðarhús, baðhús og gestahús og bílskúr. Aðkoma að lóðunum er frá Þykkvabæjarvegi nr. 25.

#### Ægissíða, Stekkatún, deiliskipulag.

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti 14. febrúar 2024, tillögu að deiliskipulagi fyrir ferðaþjónustu að Stekkatúni, L165446. Tillagan tekur til uppbyggingar á ferðaþjónustu þar sem gert er ráð fyrir 12 plastkúlum, þjónustuhúsi og bílastæði. Tilskilin breyting á landnotkun í aðalskipulagi hefur tekið gildi. Aðkoma að lóðunum er frá Þykkvabæjarvegi nr. 25.

Deiliskipulagstillögurnar öðlast þegar gildi.

Hellu, 17. september 2024.

F.h. Rangárþings ytra,

**Birgir Haraldsson**, skipulags- og byggingarfulltrúi.